



# MYND2GH05

## Kennsluáætlun – haustönn 2016

Fjölbrautaskóli Suðurlands

---

### Kennari áfangans:

Ágústa Ragnarsdóttir (ARA), [agusta@fsu.is](mailto:agusta@fsu.is) / [agustaragnarsdottir@gmail.com](mailto:agustaragnarsdottir@gmail.com)

### Áfangalýsing:

Í áfanganum kynnast nemendur grunninum í grafískri hönnun. Farið verður í mikilvægi skissu- og hugmyndavinnu, leturfræði, vörumerkjahönnun sem og helstu forsendur við hönnun á veggspjöldum, auglýsingum og bæklingum.

### Markmið áfangans:

#### Þekking

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- mikilvægi skissu- og hugmyndavinnu sem undanfara alls
- helstu leturflokkum
- hugmyndafræði vörumerkjahönnunar
- helstu forsendum við uppbyggingu á veggspjöldum, auglýsingum og bæklingum

#### Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- skissu- og hugmyndavinnu
- leturnotkun, bæði handunninni og tölvugerðri
- þróa einfalt vörumerki
- setja upp einfalt veggspjald, auglýsingu og bækling.

#### Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að

- koma hugmyndum sínum myndrænt á blað í skissuformi.
- velja letur sem hæfir hverju verkefni (stærð, læsileiki, lögun)
- ræða og rökstyðja hugmyndir sínar
- setja upp einfalda bæklinga, veggspjöld og auglýsingar.

### Kennslugögn

- Fyrirlestrar, innlögn, glærur, internetið, sýnikennsla og verkleg kennsla en engar hefðbundnar kennslubækur.

## Kröfur og verkefnaskil

- Nemendur fá möppur strax í byrjun annar fyrir verk sín. Mappan mun innihalda allar þeirra skissur og smærri hreinteikningar. ATH. að skissurnar sem partur af hugmyndavinnu gilda 20% af lokaeinkunn.
- Um er að ræða próflausan símats- og leiðsagnarmats áfanga. Hver verkhluti hefur sitt vægi þar sem ekki einungis endanlegt verk liggur til grundvallar heldur líka vegferðin öll s.s. áhugi, vinnusemi, tilraunir, framfarir og mæting.

## Efnisgjald

- Efnisgjald í áfanganum er 6500 kr. og skal það borgað á skrifstofu sem allra fyrst eða síðasta lagi fyrir 1. sept. 2016.

## Vægi námsþátta í vetrareinkunn

- Mappa (5%)
- Skissuvinna annarinnar (20%)
- Leturfræði 1 - skriftaræfingar og leturskoðun (10%)
- Leturfræði 2 - leturplakat (25%)
- Vörumerki (20%)
- Bæklingur (20%) - finna þema, nota tölvu ef vill

## Tímaáætlun verkþátta

- Mappa: Ágúst
- Leturfræði: September
  - Leturfr. 1: Um 4-6 tímar
  - Leturfr. 2: Rest
- Vörumerki: Október
- Bæklingur: Nóvember

## Annað

- Tölvur og símar leyfðir í tímum enda mikilvæg vinnutæki. Nemendur eru þó beðnir um að lágmarka notkun á samfélagsmiðlum, símtölum og skilaboðum hvers konar og einbeita sér sem mest að sköpuninni og vinnunni.
- Kennsluáætlun gerð með fyrirvara um breytingar.